



Borgarráð

Reykjavík, 19. ágúst 2026
VEL26080004

Lægra gjald fyrir tekjulága notendur matarþjónustu

Lagt er til að borgarráð samþykki að notendur matarþjónustu Reykjavíkurborgar sem hafa tekjur undir nánar skilgreindu tekjuviðmiði greiði 1.500 kr. fyrir máltíð í stað 1.900 kr. Lægra gjaldið gildi óháð því hvort máltíðar er neytt í félagsmiðstöð eða þjónustuíbúðum eða hún er heimsend. Velferðarsviði verði falið að útfæra tekjuviðmið, fyrirkomulag staðfestingar tekna og framkvæmd niðurgreiðslunnar. Endanlegt kostnaðarmat og tillaga að fjármögnun verði lögð fyrir borgarráð þegar útfærslan liggur fyrir. Lægra gjaldið taki gildi eins fljótt og kostur er að lokinni nauðsynlegri kerfis- og stjórnsýsluútfærslu.

Greinargerð:

Lögð er til breyting vegna tillögu um breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis sem samþykkt var í velferðarráði 13. ágúst 2026 um að gjald fyrir máltíðir hækki samkvæmt nýrri gjaldskrá úr 1.100 kr. í 1.900 kr. Hækkunin er veruleg og kann að hafa sérstaklega mikil áhrif á tekjulága notendur sem reiða sig reglulega á matarþjónustu borgarinnar. Með tekjutengdri niðurgreiðslu er markmiðið að tryggja að fjárhagsstaða komi ekki í veg fyrir að fólk nýti sér þjónustuna.

Kostnaðarmat:

Ekki liggur fyrir hversu stór hluti seldra máltíða myndi falla undir niðurgreiðsluna. Gróft kostnaðarmat miðast því við að 10–20% af um 310.000 seldum máltíðum á ári verði niðurgreiddar um 400 kr. sem viðbótarniðurgreiðsla.

Forsenda	Áætlaður kostnaður
10% máltíða niðurgreidd + 0,5 stöðugildi í umsýslu	20,9 m.kr. á ári
20% máltíða niðurgreidd + 0,5 stöðugildi í umsýslu	33,3 m.kr. á ári
Einskiptiskostnaður vegna kerfisútfærslu	2–3 m.kr.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri